

Framfarafélag Flateyjar

Netfundur 28.4.2020 kl. 20:00

Mættar: Bylgja, Kata, Kristín, María og Svava.

Dagskrá fundar:

1. Umræður um heimasíðuna okkar Flatey.com. Borist hafði tilboð í gerð á nýrri heimasíðu upp á 290.000 kr. Ákveðið var að taka tilboðinu.
2. Umræður um umsókn vegna styrkja fyrir sumarið 2020 frá Reykhólum.
 - Styrkur til stígagerða og lagfæringa á stígum. Stígurinn upp á Lundaberg er illa farinn. Spurning hvort sveitarfélagið gæti komið að stígagerðinni með því að útvega mannskap í verkið.
 - Styrkur til að halda Flateyjarþaga.
 - Styrkur til halda 17.júní hátíðlegan. Vera með skrudgöngu og jafnvel bjóða upp á 17.júní kaffi á hótelinu í tilefni dagsins.
3. Umræður um eftirfarandi málefni. Formaður mun hafa samband við Reykhólahrepp og ræða þau :
 - Siglingar Baldurs í sumar. Höfum heyrt að hann muni einungis sigla einu sinni á dag. Við þurfum að afla upplýsinga um samning Vegagerðarinnar og Eimskips um siglingar Baldurs.
 - Útboð í bryggjuviðgerð. Það komu tvö tilboð í vinnu við bryggjuna. Kostnaðaráætlun var upp á um 30.000 milljónir. Tilboðin voru upp á 35 og 80 milljónir. Er búið að taka öðru hvoru tilboðanna?
 - Áskorun á Reykhólahrepp um styrk til Ævars Pedersen. Ályktun var samþykkt á Aðalfundi Framfarafélagsins þann 7.mars 2020 til Reykhólahrepps um að hann styrkti útgáfu bókar Ævars P. um örnefni í Flatey.
4. Umræður um undirskriftasöfnun fyrir smábátahöfn sem gekk mjög vel. Þingmenn vestfjarða jákvæðir fyrir verkefninu. FFF styður byggingu smábátahafnar.
5. Umræður um Slökkvistöðina í Flatey. Mun hún verða í eigu Flateyinga? Hefur þarfagreining farið fram? Stjórn FFF mun afla sér frekari upplýsinga um málið hjá Flateyjarveitum.
6. Umræður um brunaæfningar og skyndihjálparnámskeið í eyjunni.
7. Nefndarfundir stjórnar FFF verða einu sinni í mánuði.

Stjórn FFF 2020 -

Formaður: Kristín Ingimarsdóttir

Varaformaður: María Gestsdóttir

Gjaldkeri: Svava Sigurðardóttir

Ritari: Katrín Ingibjörg Barðadóttir

Meðstjórnandi: Bylgja Baldursdóttir

Fundi slitið kl. 21:00